

**Byrjendalæsi**  
Skýrsla um þróunarstarf í lestri  
í 12 skólum  
skólaárið 2007-2008

Birna María Svanbjörnsdóttir  
Ingibjörg Auðunsdóttir



Júní 2008

## Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	2
1. Inngangur.....	5
Aðdragandi.....	5
Gildi úttektarinnar.....	6
Markmið.....	6
Úrvinnsla og framsetning.....	7
2. Niðurstöður.....	8
2.1 Kennarar.....	8
Aðferðin.....	8
Undirbúningur og skipulag kennslu.....	9
Læsi – yfirsýn, mat og skráning á stöðu og framförum.....	10
Einstaklingsþarfir.....	11
Fræðsla.....	11
Ráðgjöf og stuðningur.....	12
Annað.....	13
2.2 Leiðtogar.....	13
Mat á eigin starfi.....	13
Undirbúningur fyrir leiðtogastarfið.....	14
Fræðsla.....	15
Umbætur.....	15
Annað.....	16
3. Heimildaskrá.....	17
Fylgiskjal 1.....	18
Fylgiskjal 2.....	19

## Meginniðurstöður

Skólaárið 2007–2008 tóku 47 kennarar þátt í Byrjendalæsi. Þar af skiluðu 15 kennarar mati á því hvernig þeim hefði gengið að nýta sér aðferðina í kennslu, hvernig undirbúningur og skipulag hefði verið framkvæmt, hvernig þeir hefðu öðlast yfirsýn á stöðu nemenda og mætt mismunandi þörfum þeirra. Einnig mátu kennarar þá fræðslu sem þeir höfðu fengið í Byrjendalæsi og hvernig sú ráðgjöf og stuðningur sem þeir höfðu fengið hefði nýst þeim. Í fyrirbyggjandi gögnum frá kennurunum má sjá að:

- Þeim hefur á margan hátt gengið ágætlega að nýta sér Byrjendalæsið í kennslunni þó fæstir telji sig vera jafn örugga á öllum sviðum aðferðarinnar. Mest öryggi virðist hafa verið í sambandi við stafainnlögn og sundurgreinandi vinnu. Kennarar hafa samþætt námsgreinar og farið fjölbreyttar leiðir í endurbyggingu texta, tjáningu og ritun. Óöryggi skapaðist hins vegar þegar stafainnlögn lauk og einnig í sambandi við hvernig einstaklingsmiða ætti skólastarfið.
- Ríflega helmingur umræddra kennara gerði heildstæðar kennsluáætlanir. Nokkrum, einkum þeim sem nutu ráðgjafar frá leiðtogum, reyndist erfitt að útbúa þær og sögðu mikinn tíma hafa farið í að setja sig inn í aðferðina og búa til verkefni. Flestir kennaranna sögðust tryggja samvinnu nemenda með hópvinnu, paravinnu, leikjum og spilum.
- Kennarar notuðu Læsi – lestrarskimun (hér eftir kallað Læsispróf), lesskilningspróf, hraðapróf, eigin kannanir og skráningar til að átta sig á stöðu nemenda og sögðu Læsisprófin nýtast vel til að kanna stöðu nemenda. Kennarar báðu foreldra um að hlusta á börn sín lesa heima daglega til að þjálfa þau í lestri og einnig lásu nemendur reglulega fyrir kennara í skólanum, þó misoft. Algengt var að hafa fastar lestrarstundir í skólunum og í vissum tilvikum var um samlestur nemenda að ræða.
- Misjöfnum þörfum nemenda var mætt með einstaklingsmiðuðum kennsluháttum en þetta er þáttur sem nokkrir kennarar töldu sig óörugga í. Nemendum var yfirleitt skipt í hópa, ýmist eftir námsstöðu eða öðrum viðmiðum, og unnið með þá annað hvort innan eða utan kennslustofu.

- Sú fræðsla sem boðið var upp á vegna Byrjendalæsis nýttist kennurum vel en þeir vildu meiri fræðslu, einkum eftir að skólastarf var komið í gang að hausti. Óskað var eftir aukinni fræðslu m.a. við að mæta einstaklingsþörfum nemenda, um gagnvirkan lestur og hugtakakort. Einnig vildu kennarar fá tækifæri til að hitta og fylgjast með kennslu reyndra kennara í Byrjendalæsi. Ábendingar komu einnig um breytt fyrirkomulag á hópfundum þar sem væri aukið svigrúm fyrir kennara að skiptast á hugmyndum og ræða saman um framgang vinnunnar. Kennarar voru óöruggir um hvernig ætti að halda áfram með Byrjendalæsið eftir 2. bekk.
- Kennarar voru yfirleitt ánægðir með ráðgjöfina og fannst mjög gott að fá ráðgjafa inn í kennslu til sín og fá endurgjöf og ráðgjöf strax á eftir. Þeir kennarar sem nutu ráðgjafar frá leiðtogum kvörtuðu yfir því að tímar voru ekki settir inn á stundaskrá til umræðna eftir vettvangsheimsókn ráðgjafa og varð því að taka tíma af matar- og kaffitíma í slíkt. Tíminn til samráðs eftir vettvangsheimsókn var einnig í vissum tilvikum of naumur að þeirra mati og lenti oft á sömu vikudögum og á sama tíma dags. Helstu annmarkar á ráðgjöfinni voru að mati kennara einkum í sambandi við hópfundina en þar kom fyrir að kynntar voru hugmyndir eða kenningar sem ekki nýttust í kennslu (ekki voru nefnd dæmi). Einnig töldu kennarar hópfundina of fjölmenna.

Fimm leiðtogar sinntu ráðgjöf í Byrjendalæsi skólaárið 2007–2008. Af þeim skiludu tveir mati á starfi vetrarins til HA. Þeir töldu ráðgjöf til kennara hafa gengið ágætlega en gáfu þó til kynna að þeir hefðu þurft meiri stuðning og eftirfylgni frá ráðgjöfum HA. Þeim þótti fræðslan einnig heldur yfirgripsmikil og flókin til að byrja með og sögðu að teknir væru fyrir þættir sem ekki voru notaðir í verkefninu, t.d. kynning á notkun WebCT. Þeir bentu á að kennurum hefði þótt erfitt að semja kennsluáætlanir og þeim fannst vanta tíma í stundaskrá til að vinna með Byrjendalæsi í 90 mínútur á dag. Þeir komu með eftirfarandi ábendingar um úrbætur hvað varðar leiðtoga í Byrjendalæsi:

- Skipta námskeiðsdögunum kennaranna niður þannig að einn dagur verði eftir að kennslan í Byrjendalæsi er komin af stað.
- Verja meiri tíma í þjálfun í gerð kennsluáætlana á námskeiði.
- Ráðgjafar HA veiti leiðtogum meiri eftirfylgd og endurgjöf.

- Taka upp umræðu um röð bókstafa við innlögn þeirra og ákveða hvort hún á að vera tilviljanakennd eða ekki. Velta þarf fyrir sér hvort gömlu viðmiðin á röð bókstafa í eindaraðferð eigi við.
- Taka ákvörðun um hvernig haga skuli heimalestri nemenda í Byrjendalæsi.

## 1. Inngangur

### Aðdragandi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í byrjendakennslu í lestri og hefur verið í þróun frá árinu 2004. Í samvirkum lestrarkennsluaðferðum eru hljóðaðferðir og málheildarnám felld saman. Gert er ráð fyrir að unnið sé með Byrjendalæsi daglega í 90 mínútur.<sup>1</sup> Skólaárið 2007–2008 var Byrjendalæsi kennt í 1. og 2. bekk í 12 skólum víða um land, á Akureyri, Akranesi, Borgarbyggð, Selfossi, Hveragerði og Reykjanesbæ, með beinni þátttöku 47 kennara. Rósa Eggertsdóttir höfundur verkefnisins og Jenný Gunnbjörnsdóttir, sérfræðingar á skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri (HA), höfðu umsjón með fræðslu og ráðgjöf verkefnisins fyrir hönd HA. Þær sáu um fræðslu fyrir alla þátttakendur en sinntu ráðgjöf yfir skólaárið einungis fyrir þátttakendur í skólum Akureyrar, fjórum talsins.

Fimm leiðtogar undir handleiðslu ráðgjafa frá HA sinntu ráðgjöf í þátttökuskólum utan Akureyrar og fengu fræðslu þar að lútandi. Leiðtogar sóttu sjö daga námskeið, þar af voru fjórir dagar fyrir skólabyrjun en þrír dagar dreifðust á veturinn. Allir kennarar fengu tveggja daga námskeið fyrir skólabyrjun í ágúst 2007. Ráðgjafar HA fóru reglulega í vettvangsheimsóknir til kennara og kennarateyma á Akureyri yfir skólaárið, 7 til 8 sinnum til þeirra sem voru að kenna aðferðina í fyrsta sinn en þrisvar til þeirra sem höfðu kennt aðferðina áður. Þeir kennarar sem kenndu 2. bekk á Akureyri höfðu einnig kennt Byrjendalæsi í 1. bekk. Leiðtogar sinntu samskonar vettvangsheimsóknum á sínum svæðum. Vettvangsheimsóknirnar fólu í sér 30–40 mínútna vettvangsathugun og fund með kennara eða kennurum strax á eftir. Á skólaárinu voru haldnir fjórir tveggja klukkustunda langir hópfundir þar sem allir þátttakendur á sama svæði hittust, fengu fræðslu, unnu verkefni og báru saman bækur sínar.

---

<sup>1</sup>Rósa Eggertsdóttir. 2006:6–7 og nánar um Byrjendalæsi í skýrslum um Byrjendalæsi eftir Rósu Eggertsdóttur 2005 og 2006.

Til að átta sig á stöðu verkefnisins og meta starf vetrarins voru fyrir hönd HA sendar út spurningar í tölvupósti til þátttakenda, bæði kennara og leiðtoga. Kennarar vorubeðnir um að greina frá hvernig vinnan hefði gengið hjá þeim í hinum mismunandi þáttum Byrjendalæsis (sjá spurningalista í fylgiskjali 1). Leiðtogar voru beðnir um að meta eigið starf og starf ráðgjafa varðandi undirbúning fyrir leiðtogastarfið og þá fræðslu sem þeir fengu. Einnig voru þeir beðnir um að koma með hugmyndir að umbótum (sjá fylgiskjal 2). Birna Svanbjörnsdóttir og Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingar á skólaþróunarsviði kennaradeildar HA, unnu úr gögnum og skrifuðu skýrsluna en þær hafa ekki komi að Byrjendalæsi á neinn hátt fram til þessa.

Alls bárust svör frá 15 kennurum og tveimur leiðtogum. Ellefu kennarar höfðu notið ráðgjafar frá ráðgjöfum HA en fjórir frá leiðtogum. Töluvert var um að kennarar sem unnið höfðu saman að Byrjendalæsinu svöruðu spurningunum saman og sendu ýmist inn hver fyrir sig eða saman. Leiðtogarnir tveir sem svöruðu könnuninni skiluðu sameiginlegu mati. Við umfjöllun og túlkun gagna þarf að hafa í huga að tæplega þriðjungur kennara og tveir af fimm leiðtogum sendu inn svör.

## **Gildi úttektarinnar**

Niðurstöður úttektarinnar verða hafðar til hliðsjónar við ákvarðanir um áframhaldandi vinnu við þróun Byrjendalæsis og starfsþróun kennara til aukins árangurs nemenda.

## **Markmið**

Tilgangur úttektarinnar er tvíþættur, annars vegar að varpa ljósi á:

- Hvernig kennurum hefur gengið að nýta sér aðferð Byrjendalæsis í kennslunni.
- Hvernig undirbúningur og skipulag kennslu hefur verið framkvæmt.
- Hvernig kennurum hefur gengið að öðlast yfirsýn á stöðu og þarfir nemenda í sambandi við læsinnám.
- Hvernig kennurum hefur gengið að mæta misjöfnum þörfum nemenda.
- Hvernig fræðslan í Byrjendalæsinu hefur nýst kennurum.
- Hvernig ráðgjöf og stuðningur hefur nýst kennurum.

Hins vegar að fá upplýsingar frá leiðtogum um:

- Hvernig þeim finnst hafa gengið í leiðtogahlutverkinu s.l. vetur.
- Hvernig ráðgjöfin frá HA hefur nýst þeim.
- Hvernig fræðslu þeir telja leiðtoga þurfa að fá til að leysa ráðgjafastarfið af hendi.
- Hvaða tillögur þeir hafa um umbætur af hálfu HA varðandi skipulag, fræðslu og ráðgjöf fyrir leiðtoga í Byrjendalæsi.

### **Úrvinnsla og framsetning**

Safnað var saman upplýsingum frá svarendum og dregið saman megininnihald hvers þáttar fyrir sig. Niðurstöður frá þeim kennurum sem nutu ráðgjafar frá HA voru aðskildar þeim sem fengu ráðgjöf frá leiðtogum til að átta sig á hvort sýnilegur munur væri á svörum þeirra. Greint er frá niðurstöðum leiðtoga sér. Meginniðurstöður eru dregnar saman og settar fremst í skýrsluna.



## 2. Niðurstöður

Hér verða dregnar saman meginniðurstöður úr svörum kennara og leiðtoga við spurningum frá ráðgjöfum HA, kennara í 2.1 og leiðtoga í 2.2.

### 2.1 Kennarar

#### Aðferðin

Þeir 15 kennarar sem svöruðu könnuninni töldu allir að vinnan með Byrjendalæsið hefði að mestu leyti gengið vel í kennslunni. Nefnt var að þegar kenndar voru aðrar greinar en íslenska hafi verið stuðst við aðferðir Byrjendalæsis og námsgreinar samþættar. Tekið var fram að reynt hafi verið að nota alla þætti aðferðarinnar þó kennarar teldu sig ekki jafn örugga á öllum sviðum. Fram kom að vel hafi gengið að nýta Byrjendalæsið við stafainnlögn og sem hluta af sundurgreinandi vinnu. Kennarar nefndu að óöryggi hefði skapast þegar stafainnlögn var ekki lengur til að dreifa í byrjun haustannar í 2. bekk en eftir að hafa fengið aðstoð frá HA og farið í skólaheimsóknir og skoðað hvernig aðrir gerðu jókst öryggi þeirra. Aðrir þættir sem valdið höfðu óöryggi voru: Hvernig ætti að einstaklingsmiða kennsluna út frá aðferðinni, þ.e. að skrá einstaklingsþarfir nemenda og koma til móts við þær og hvernig ætti að nýta hópinnuna sem best.

Í sambandi við endurbyggingu texta, tjáningu og ritun kom fram í svörum kennara að fjölbreyttar aðferðir hefðu verið notaðar. Nemendur unnu mikið með ritun eftir hverja sögu, gerðu myndasögur með talblöðrum og notuðu hugtakakort. Nemendur endursögðu sögur, sömdu ljóð sem þeir fluttu fyrir bekkjarsystkini, skrifuðu um ákveðinn þátt í sögu eða skrifuðu framhald af sögum og bjuggu til „dótasögur“ þar sem þeir léku persónur úr sögunum. „Dótasögurnar“ komu að góðum notum við tjáningu og persónusköpun. Kennarar sögðu að ritunarþátturinn hefði aukist jafnt og þétt yfir veturinn og að víða hefði verið unnið töluvert með tjáningu, þó ekki alls staðar.

## Undirbúningur og skipulag kennslu

Misjafnt var hvort kennarar höfðu gert heildstæðar kennsluáætlanir og hvernig hafði gengið að semja þeir. Átta kennarar, allir með ráðgjöf frá HA, sögðust hafa gert heildstæðar kennsluáætlanir fyrir nær alla texta en tveir þeirra sögðust ekki hafa gert þær eins ítarlega og sýnt var í kynningunni um Byrjendalæsi. Þær hefðu þó nýst þeim mjög vel. Einn kennarinn sagðist ekki hafa gert áætlun fyrir hvern texta en hins vegar fyrir hverja stafainnlögn. Sex kennurum virtist hafa reynst töluvert erfitt að semja kennsluáætlanir og nefndu fjórir þeirra að fyrir áramót hafi mesti tíminn farið í að koma sér inn í aðferðina og búa til verkefni fyrir nemendur. Tímaskortur og reynsluleysi hafði einnig áhrif þar á. Tveir kennaranna sögðust ekki hafa gert heildstæðar kennsluáætlanir en lögðu meiri tíma í að útbúa verkefni og námsspil. Svo virðist sem þeim kennurum sem nutu ráðgjafar leiðtoga hafi reynst þessi þáttur þyngrri en þeim sem nutu ráðgjafar frá HA. Þeir kennarar sem gerðu áætlanir reglulega sögðust hafa gert eina á viku eða á tveggja vikna fresti. Nokkrir höfðu samið tvær áætlanir yfir veturinn en í vissum tilfellum hafði teymi kennara útbúið nokkrar áætlanir í sameiningu. Flestir kennaranna sögðust hafa skoðað áætlanir frá öðrum. Sumir nýttu sér þær í kennslu, á meðan öðrum fannst þeir þurfa að breyta þeim of mikið til að þær hentudu eigin hugmyndum, þannig að betra væri að gera þær frá grunni. Þó virtust flestir sammála um að gott væri að fá hugmyndir að uppbyggingu og verkefnum frá öðrum þó þær væru ekki notaðar beint. Þrír kennaranna sögðust lítið sem ekkert hafa nýtt sér áætlanir frá öðrum kennurum.

Þegar spurt var hvernig kennarar tryggðu samvinnu nemenda sögðust þeir einkum gera það með hópvinnu, paravinnu, leikjum og spilum þar sem þess væri gætt að nemendum væru ætluð ákveðin hlutverk, fylgst væri með því að þeir væru virkir og hefðu verkefni við hæfi. Að mati kennara var hópvinnan algengasta vinnulagið, allt upp í 80% tímans. Einstaklingsvinna virtist hafa minnst vægi. Einn kennarinn sagði þó að sér þætti skipta miklu máli að hlúa að einstaklingsmiðuðum vinnubrögðum svo nemendur kæmust ekki upp með að fljóta áfram á öðrum nemendum. Kennarar virtust ýmist skipta nemendum í námshópa eftir svipuðum námsþörfum eða ekki, allt eftir verkefnum og aðstæðum.

## Læsi – yfirsýn, mat og skráning á stöðu og framförum

Í könnuninni voru kennarar spurðir hvernig þeir öðluðust yfirsýn á stöðu nemenda varðandi læsi og hvernig þeir mætu og skráðu framfarir þeirra. Svör við þessum spurningum voru mjög samtvinnuð og virtust skilin milli yfirsýnar og mats kennara ekki vera alveg skýr. Kennarar sögðust fylgjast vel með ritun, stafsetningu, skilningi, tjáningu, lestri og sundurgreiningu lykilorða. Þeir sögðust mikið nota Læsisprófin og „Rósupróf“ sem eru skimunarpróf og einnig raddlestrarpróf, lesskilningspróf, hraðapróf og eigin kannarnir til að átta sig á stöðu nemenda í lestri. Niðurstöður prófanna voru skráðar og gjarnan settar upp í súlurit til að skoða þær myndrænt og tekið mið af þeim við samningu kennsluáætlana. Nokkrir kennarar nefndu að skráning á stöðu og framförum nemenda hefði mátt vera markvissari hjá þeim en einn sagði að þegar á leið veturinn hafi hann allt í einu áttað sig á hvernig hann gat nýtt Byrjendalæsisaðferðina til að hafa betri yfirsýn yfir stöðuna til að þjálfa mismunandi þætti hjá nemendum. Hann nefndi þó ekki dæmi máli sínu til stuðnings.

Kennarar sögðu Læsisprófin yfirleitt staðfesta það sem þeir hafi verið búnir að sjá í kennslunni og hafi niðurstöður sjaldan komið á óvart. Þeir bentu hins vegar á að í vissum tilfellum kæmu nemendur betur út í lesskilningsprófum en Læsisprófum og mátu það svo að margir nemendur gætu leyst verkefni, en ekki innan þeirra tímamarka sem væru sett. Þeir sögðu Læsisprófin segja til um hvernig nemendur ynnu og hvað þeir væru lengi að koma sér að verki og sýndu færni nemenda í lesskilningi og leshraða. Sumum kennaranna fannst Læsisprófin nýtast vel til að kanna stöðu nemenda.

Kennarar virtust almennt leggja áherslu á að meginþjálfunin í lestri ætti að eiga sér stað heima og vera á ábyrgð foreldra. Flestir kennaranna hlustuðu þó á nemendur lesa í skólanum með reglulegu millibili, allt frá því að vera einu sinni í viku upp í daglega. Algengt var að ákveðnar lestrarstundir væru í skólanum 10–20 mínútur daglega eða nokkrum sinnum í viku þar sem nemendur lásu í lestrarbókum. Kennarar bentu einnig á að nemendur læsu í tengslum við ýmis verkefni í Byrjendalæsinu.

## **Einstaklingsþarfir**

Flestir kennaranna töldu Byrjendalæsi bjóða upp á einstaklingsmiðaða kennsluhætti þótt nokkrir segðust óruggir um hvernig mæta ætti ólíkum þörfum nemenda. Þeir sögðu einstaklingsþörfum mætt með vinnu í smærri hópum bæði innan kennslustofu og utan. Fjórir kennarar sögðu einstaklingsþörfum nemenda alfarið mætt inni í kennslustofu, ýmist einstaklingslega eða í mjög fámennum hópum. Annars voru nemendur teknir mismikið út úr kennslustofum og í einu tilfelli var talað um að þeir nemendur sem þyrftu á mestri sérkennslu að halda færu til sérkennara.

Kennarar sögðust flestir reyna að gera ráð fyrir mismunandi þörfum nemenda í kennsluáætlunum. Þeir sem ekki gerðu það sögðust þó gera ráð fyrir mismunandi þörfum þegar þeir ynnu með nemendum. Fram kom að seinfærir nemendur ynnu hluta kennsluáætlunar á sama hátt og aðrir, t.d. lykilorð og orðaforða, en fengju í framhaldi aðlöguð verkefni, t.d. léttara „orðaklipp“ eða „orðasúpu“ að vinna með. Einnig kom fram að allir fengu sömu innlögn og voru með í hlustun, spurningum úr texta, endursögn, merkingu orða, gerð hugtakakorta, stafagerð og að finna hljóð í orðum en svo væri reynt að sníða mismunandi verkefni að þörfum nemenda.

## **Fræðsla**

Kennurum fannst fræðslan sem þeir höfðu fengið vera góð og nytsamleg en að mati þeirra virtist mega auka hana á ýmsum sviðum og aðeins breyta áherslum. Nokkrir töldu þörf á meiri fræðslu eða vinnufundi þegar skólastarf væri aðeins komið í gang að hausti, t.d. í október. Þá væru kennarar farnir að átta sig á aðferðinni og vinnulaginu og því betur í stakk búnir til að meðtaka ítarlegri og dýpri útskýringar á hugmyndafræðinni en í upphafi. Bent var á að gott hefði verið að fara í heimsókn í einhverja skóla og spjalla við og sjá vana kennara kenna samkvæmt Byrjendalæsi. Einnig kom skýrt fram hjá nokkrum kennurum að þeim fannst vanta meiri fræðslu í hvernig ætti að einstaklingsmiða kennsluna, s.s. að endurskipuleggja innlagnir og halda utan um stöðu nemenda. Þá kom fram ósk um meiri fræðslu í hvernig vinna ættimeð bókmenntatexta á gagnrýninn hátt og fleiri hugmyndir um hvernig vinna mætti með sögurnar, gagnvirkkan lestur og hugtakakort. Nokkrum kennurum þótti óljóst hvað tæki við í Byrjendalæsinu eftir 2. bekk.

Kennarar sögðust hafa verið ánægðir með að fá kynningu á verkefninu í upphafi og einnig hafi verið árangursríkt að fá ráðgjafa í heimsókn. Sömuleiðis var að þeirra mati gott að fá tveggja tíma fræðslufundi með umræðum á eftir þar sem skipst var á hugmyndum og reynslusögum. Hins vegar fannst þeim verkefnagerð á fundum ekki hafa skilað þeim miklu. Ábending kom frá kennurum um að skapa þyrfti meira svigrúm fyrir kennara til bera saman bækur sínar á hópfundum því það væri gott að heyra og sjá hvað hinir væru að gera og aðrir bentu á að fræðsla samofin því að gera hlutina sjálfur væri árangursrík. Mikilvægt var að mati kennara að þeir fengju tíma til að aðlagast nýjum vinnubrögðum. Hugmyndir komu um að útbúa mætti gátlista fyrir hvern árgang til viðmiðunar um hvað taka ætti fyrir hvern vetur, t.d. lítill stafur og stór stafur, andheiti og samheiti, tvöfaldur samhljóði og þess háttar. Þetta töldu kennarar að gæti stutt þá en nokkrir nefndu að þeim hefði fundist þeir svolítið í lausu lofti með hvað þeir ættu að taka fyrir þegar þeir höfðu ekki kennslubækur eða stafainnlögn til að leiða kennsluna áfram. Ánægja var með þann hugmyndabanka um vinnulag sem búið er að taka saman.

### **Ráðgjöf og stuðningur**

Ánægja var með fræðslu ráðgjafa HA. Kennurum fannst ráðgjöfin árangursrík og töldu helstu kosti hennar vera þegar ráðgjafi kom í vettvangsheimsókn, tók út kennsluna og veitti kennurum eftirfylgd, stuðning og hvatningu við kennsluna. Tíminn til umræðna eftir heimsóknirnar þar sem veitt var endurgjöf og uppbyggileg gagnrýni var mjög gagnlegur að mati kennara en var í vissum tilfellum heldur naumur. Fram kom kostur þess að ráðgjafi væri vel inni í aðstæðum skólanna og þekkti til daglegra starfa þeirra af eigin reynslu og gæti rætt skipulagshugmyndir á jafningjagrundvelli. Einn kennari nefndi þó að ráðgjöfin hefði byrjað of snemma og ekki nýst sem skyldi fyrr en líða tók á skólaárið þegar hann þekkti bekkinn og aðferðina betur. Að mati kennara var efni frá ráðgjöfum yfirleitt vel unnið og gott að nýta þó einstaka hugmyndir hafi verið erfitt að framkvæma við raunhæfar aðstæður.

Ef litið er á það sem betur hefði mátt fara í ráðgjöfinni álitu kennarar það einkum beinast að hópfundum. Þeim fannst vissar hugmyndir eða kenningar sem kynntar höfðu verið þar, vera finar á blaði en óraunhæfar í kennslu. Eins fannst þeim hóparnir of stórir

en það kom í veg fyrir að nægileg dýpt næðist í umræðurnar. Bent var á að hugsanlega hefði verið nægilegt að kennarar úr tveimur skólum hittust á hópfunði. Ábending kom um að gefa hefði mátt meiri tíma í spjall á hópfundunum. Einnig var bent á að ráðgjafar mættu vera harðari við þátttakendur, segja þeim til syndanna, því þeir vildu gjarnan fá ábendingar. Að lokum voru athugasemdir um tímasetningar á ráðgjöfinni og óskað eftir því að ráðgjöfin væri ekki alltaf á sömu vikudögum og sama tíma. Kennarar sem nutu ráðgjafar frá leiðtogum kvörtuðu undan því að ekki hefðu verið settir fastir fundartímar í stundaskrá með ráðgjöfum heldur voru matar- og kaffitímar notaðir í umræður og oft á tíðum í miklu tímahraki.

## **Annað**

Kennarar höfðu orð á því að þeir væru ánægðir með þessa kennsluáferð, fannst þetta skemmtilega vinna og þökkuðu gott samstarf. Sumir óskuðu eftir fylgd við að þróa þessa vinnu áfram í 3. bekk því þeim fannst þeir í lausu lofti með framhaldið. Aðrir sögðust rétt vera farnir að átta sig á hlutunum núna og töldu næsta vetur verða auðveldari með betri skipulagningu og reynslu. Að sögn kennara höfðu nemendur tekið framförum í lestri og voru yfirleitt ánægðir með þau verkefni sem lögð voru fyrir í Byrjendalæsinu.

## **2.2 Leiðtogar**

Af þeim fimm leiðtogum sem unnu við Byrjendalæsið skólaárið 2007-2008 tóku tveir þátt í mati og skiluðu sameiginlegri niðurstöðu. Hér að neðan er samantekt á niðurstöðum þeirra.

### **Mat á eigin starfi**

Leiðtogarnir töldu að þeim hefði gengið ágætlega að starfa sem leiðtogar í vetur en framan af hefði þó verið misjafnt hvernig kennarar tóku ráðgjöfinni. Þeir sögðust stundum hafa haft á tilfinningunni að sumum kennurum fyndist leiðtogi vera að troða sér inn á þeirra svæði. Eftir á að hyggja töldu þeir þó að ástæðan fyrir þessu hafi verið óöryggi kennara í starfi við nýjar aðstæður. Smám saman breyttist viðhorf þeirra að mati leiðtoga. Sumir kennarar sýndu hins vegar alltaf ánægju með komu leiðtoga og nýttu sér

vel ráðgjöf, t.d. við að mæta einstaklingsþörfum nemenda í framhaldi af Læsisprófum og að skrá þarfir einstakra nemenda inn á hringferil um kennslu, nám og árangur.

Leiðtogar sögðu að illa hefði gengið að fá kennara til að búa til ítarlegar kennsluáætlanir, margir töldu sér nægja að setja einungis niður punkta. Kennurum gekk ekki heldur vel að mati leiðtoga að ná 90 mínútna kennslu í Byrjendalæsi daglega. Sérstaklega var þetta erfitt í skipulagi skólastarfs þar sem nemendur fóru út í mismunandi hópum í verklegar greinar. Þá var bekkurinn ekki saman 90 mínútur yfir daginn. Starfið við Byrjendalæsi gekk þó ágætlega í heildina og niðurstöður úr Læsisprófunum sýndu góðan árangur. Þeir nefndu þó ekki hver væru viðmiðin um góðan árangur.

### **Undirbúningur fyrir leiðtogastarfið**

Leiðtogarnir töldu leiðtoganámskeiðið á Akureyri í ágúst hafa verið mjög yfirgripsmikið, þar sem mikið var kennt á stuttum tíma. Þeir sögðu námskeiðið með kennurum þátttökuskólanna sem á eftir kom hafa verið ágætis upprifjun fyrir leiðtoga og hafi fest fræðilega þekkingu betur. Hins vegar sögðust þeir hafa upplifað marga kennara þátttökuskólanna „alveg týnda“ eftir það námskeið, jafnvel reynda lestrarkennara. Þeir sögðu þekkingu á Byrjendalæsi og færni til að vinna með aðferðina hafa aukist smám saman eftir því sem fundir með kennurum þátttökuskólanna urðu fleiri. Einnig sögðust þeir hafa öðlast meira öryggi við að fylgjast með nemendum og kennurum að starfi. Að áliti leiðtoga hefði verið gott að fá námskeiðsdag með ráðgjafa HA og kennurum þátttökuskólanna þegar allt var komið í gang í október til að skerpa betur á hlutunum.

Leiðtogum fannst námskeiðsdagar í vetur misgóðir, síst var að þeirra áliti námskeiðið í janúar en það var full yfirgripsmikið. Þeir bentu á aðkynnt hefði verið WebCT-kerfið til að tengja betur saman þátttakendur í verkefninu en það var síðan aldrei notað. Leiðtogar hefðu viljað hafa meira samband við ráðgjafa HA og fá meiri eftirfylgni og endurgjöf á starf sitt. Til dæmis hefði verið ágætt ef krafist hefði verið af leiðtogum að þeir skiluðu reglulega skriflegri greinargerð og ættu í kjölfarið samræður í síma við ráðgjafa HA eftir skólaheimsóknir (svipað og fyrirkomulagið var viðhaft í samstarfi HA og ráðgjafa um gagnvirkan lestur).

## Fræðsla

Leiðtogar þurfa að eigin mati að:

- Vera vel meðvitaðir um hvernig kennari lærir best í starfi og að geta mætt honum þar sem hann er staddur.
- Vera vel að sér um lestur og lestrarkennslu byrjenda og kennslufræði læsis.
- Þekkja vel kennslufræði um eindar- og heildaraðferðir og hvernig samvirk aðferð Byrjendalæsis fléttar þessa þætti saman þannig að þeir sjái að verið sé að nýta það besta úr öllum þessum aðferðum.
- Skilja vel þrepin þrjú í Byrjendalæsi og hvernig stigskiptur stuðningur virkar.
- Geta stutt kennara betur við samningu kennsluáætlana.
- Tryggja að allir þátttökukennarar kunni að leggja fyrir og lesa úr Læsisprófunum.
- Lesa vel úr Læsisprófunum og aðstoða kennara við að lesa úr þeim og undirbúa einstaklingsmiðaðar aðgerðir í kjölfarið (Það ætti að vera skylda að kennarar skrái niðurstöður nemenda sem eru undir 60% á þar til gerð einstaklingsblöð).
- Leiðbeina kennurum vel hvernig þeir geta komið til móts við einstaklingsþarfir þessara nemenda á öðru þrepi Byrjendalæsis.
- Skrá inn á hringferilinn um kennslu, nám og árangur.

## Umbætur

Leiðtogar leggja til eftirfarandi þætti til umbóta:

- Skipta námskeiðsdögunum kennara niður þannig að einn dagur verði eftir að kennslan í Byrjendalæsi er komin af stað.
- Verja meiri tíma í þjálfun í gerð kennsluáætlana á námskeiði.
- Ráðgjafar HA veiti meiri eftirfylgd og endurgjöf eins og lýst er hér að framan.
- Taka upp umræðu um röð bókstafa varðandiinnlögð þeirra og ákveða hvort hún á að vera tilviljanakennd eða ekki. Velta þarf fyrir sér hvort gömlu viðmiðin á röð bókstafa í eindaraðferð eigi við en flestar léttlestrarbækurnar sem oft eru notaðar til heimalestrar miða við þá röð. (Þetta atriði spyrja kennarar gjarnan um að sögn leiðtoga).
- Taka þarf ákvörðun um hvernig haga skuli heimalestri nemenda í Byrjendalæsi.



### **Annað**

Leiðtogar lögðu áherslu á mikilvægi þess að skólastjórar og aðrir kennarar þátttökuskólanna væru betur upplýstir um umfang Byrjendalæsis strax í upphafi til þess að þeir gætu skapað kennurum sínum tíma og nægilegt svigrúm til að sinna verkefnum.

### **3. Heimildaskrá**

Rósa Eggertsdóttir. (2005). *Byrjendalæsi. Skýrsla um þróunarstarf í lestri í 1. og 2. bekk í grunnskólum Húnavatnssýslu*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Rósa Eggertsdóttir. (2006). *Byrjendalæsi. Skýrsla um þróunarstarf í lestri í 1. og 2. bekk í Lundarskóla og Oddeyrarskóla 2005 til 2006*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

## Fylgiskjal 1

Akureyri 26. maí 2008

Naut ráðgjafar frá HA

Naut ráðgjafar frá leiðtoga.

### Byrjendalæsi – uppgjör að vori

- 1. Aðferðin:** (T.d. hvernig gengur mér að nýta Byrjendalæsið í kennslunni? Er ég jafn örugg í vinnu með alla þætti aðferðarinnar? Hvernig vinn ég með enduruppbyggingu textans, tjáningu og ritun? Fleira?)
- 2. Undirbúningur og skipulag kennslu:** (T.d. geri ég heildstæða kennsluáætlun fyrir hvern texta? Nýti ég áætlanir frá öðrum? Hve margar áætlanir hef ég samið í vetur? Hvernig tryggi ég samvinnu nemenda? Hvernig er hlutfall einstaklingsvinnu, hópinnu og paravinnu? Hvernig er skiptingu í námshópa háttað? Fleira?)
- 3. Læsi – skráning á stöðu og framförum:** (T.d. hvernig öðlast ég yfirsýn á stöðu nemenda varðandi læsi? Hvernig met ég og skrái stöðu og framfarir nemenda? Hvernig nýtast Læsisprófin? Hvernig tryggi ég nemendum næga þjálfun í lestri?)
- 4. Einstaklingsþarfir:** (T.d. hvernig gengur mér að mæta misjöfnum þörfum nemenda? Er einstaklingsþörfum mætt inni í bekk eða utan? Er gert ráð fyrir misjöfnum þörfum í kennsluáætlunum?)
- 5. Fræðsla:** (T.d. er þörf á meiri eða annars konar fræðslu í Byrjendalæsinu? Hvaða form á fræðslu hentar mér best? Hvað hefur nýst vel og hvað síður?)
- 6. Ráðgjöf og stuðningur:** (T.d. hverjir eru helstu kostir og gallar við ráðgjöfina í vetur?).
- 7. Annað sem þið viljið koma á framfæri:** (ábendingar og tillögur...)

Bestu þakkir  
Rósa og Jenný

## Fylgiskjal 2

### Byrjendalæsi – uppgjör leiðtoga að vori

- 1. Mat á eigin starfi:** Hér er óskað eftir hugleiðingum þínum um hvernig þér finnst hafa gengið í leiðtogahlutverkinu í vetur. (T.d. hversu árangursríka þú telur ráðgjöfina í vetur hafa verið? Hversu vel náðir þú til kennaranna og hvaða viðmið hefur þú um árangur þinn í þessu starfi?).
- 2. Undirbúningur fyrir leiðtogastarfið:** (T.d. hvernig nýttist ráðgjöfin frá HA? Hvernig nýttist námskeiðið í ágúst? Hvernig nýttust námskeiðsdagar í vetur og stuðningur frá HA? Hvað hefur nýst vel og hvað síður?).
- 3. Fræðsla:** Hvaða fræðslu telur þú að leiðtogar þurfi að fá til að geta sem best leyst þetta starf af hendi? Hvað telur þú æskilegt að kennarar læri umfram það sem þeir gerðu í vetur?).
- 4. Umbætur:** (Hvaða tillögur hefur þú um umbætur af hendi HA varðandi skipulag, fræðslu og ráðgjöf hvað varðar leiðtoga í Byrjendalæsi).
- 5. Annað sem þið viljið koma á framfæri:** (ábendingar og tillögur...)